



TENGLANET UM UPPLÝSINGA-  
OG MIÐLALÆSI

## #5 Áhorf á klám á netinu

Fræðslumyndband (8:35 mín)

Stutt og hnitmiðuð fræðslumyndbönd eru frábær til að kveikja gagnrýna hugsun og umræður!

Fræðslumyndbandið **Áhorf á klám á netinu** (8:35 mín) inniheldur upplýsingar úr víðtækri [rannsókn Fjölmiðlanefndar og Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands](#) meðal barna og ungmenna á aldrinum 9 - 18 ára vorið 2021. Hér kynnum við okkur skaðleg áhrif þess fyrir börn að horfa á klámefni áður en þau hafa sjálf náð aldri og þroska til þess að hafa myndað sína eigin reynslu af kynlífi. Þá lítum við einnig á ójafna stöðu kynja í klámefni og hvað sé hægt að gera þegar að við finnum fyrir hópþrýstingi að horfa á klám. Rætt er við Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur verkefnisstýru Jafnréttisskóla Reykjavíkur. Ásamt því fáum við að heyra upplifun ungmenna úr Ungmennaráðum Samfés og Samtakanna '78.

**Áhorf á klám á netinu og afleiðingar** er meginviðfangsefnið; aðgengi, að klám er vond kynfræðsla, gefur ranga mynd af kynlífi, skaðleg áhrif, valdaójafnvægi og ofbeldi. Hér að neðan er bent á gagnlegt efni fyrir kennara og foreldra þegar rætt er um klám við börn. Efnið er einkum hugsað fyrir börn á miðstigi.

### Undirbúningur

#### Skref 1

##### Kynntu þér efni fræðslumyndbandsins

Skoðaðu þá staði í myndbandinu sem þú telur mikilvægt að staldra við (pause) og ræða frekar við nemendur.

Taktu eftir því hvað Kolbrún segir í fræðslumyndbandinu um það hvernig ætti að nálgast samtál um klám milli barna og þeirra sem eldri eru.

#### Skref 2

Kynntu þér staðreyndir um [Áhorf á klám](#) í nýlegri íslenski rannsókn Fjölmiðlanefndar.

#### Skref 3

Kynntu þér hvernig ætti að nálgast samtál um klám milli barna og þeirra sem eldri eru: [Að tala við börn á miðstigi](#) um klám Jafnréttisskóli Reykjavíkur.

Á bilinu **tvisvar til þrisvar sinnum fleiri strákar** en stelpur í grunnskóla hafa horft á klám á netinu.

## Með nemendum fyrir áhorf

### Skref 4

#### Samræður um kynheilbrigði og hvað kynheilbrigði er.

[Kynheilbrigði](#) varðar bæði kynlífs- og frjósemisheilbrigði einstaklinga. Í fyrstu hafa foreldrar mest að segja í því að móta jákvæða sjálfsmynd á þessu sviði, en síðan fara vinir/jafnaldrar, skólinn og ekki síst fjölmiðlar og markaðsöfl að skipta meiri máli.

[Ýmsar bjargir](#) fyrir kennara til að ræða og vinna með samskipti unglinga frá ólíkum sjónarhornum.

### Skref 5:

Sýning á myndbandinu

## Áhorf á klám á netinu

(8:35 mín)

## Með nemendum eftir áhorf

### Skref 6

#### Samræður og verkefni tengt efni fræðslumyndbandsins

- meginpunkta samræðu má ljóma upp með skráningu í tölvu sem varpað er á vegg, skráningu á veggspjald eða á töflu. Spurningunum er ætlað að virkja gagnrýna hugsun og rök hugsun meðal nemenda um áhorf á klám á netinu.

- Er klámáhorf bara slæmt? Hvað kom fram um það í myndbandinu?
- Hvað kom fram að maður ætti að vita um klám til þess að raunveruleika tengja það sem er að gerast?
- Hvað getum við gert ef okkur líkar ekki að horfa á klám en finnum fyrir pressu frá vinum og jafnvel kærasta/kærustu?
- Hvernig tala vinir um klám?
- Hvaða reglur finnst ykkur að eigi að gilda um klámáhorf barna og unglinga?

### Skref 7

Kynfræðsla fyrir öll stig grunnskóla.

<https://reykjavik.is/vika-6> Veldu efni eftir niðurstöðum samræðna eða óskum nemenda.

### Skref 8

[Líkamsvirðing](#)

## Skref 9

### Tölulegar staðreyndir sem koma fram í myndbandinu - upplagðir punktar í samræður:

- Á bilinu tvisvar til þrisvar sinnum fleiri strákar en stelpur í grunnskóla hafa horft á klám á netinu.
- 67% þeirra sem höfðu horft á klám leituðu af því sjálf. 10% sáu það hjá vini eða vinkonu
- Stelpur leita síður að klámefni á netinu en strákar.
- Um helmingur stráka í 9. bekk og eldri taldi að sér hefði líkað áhorfið. Um helmingi færri stelpum líkaði að hafa horft á klámefnið.

## Skref 10

**Upprifjun** - Umræða dregin saman með því að fara yfir verkefni nemenda og spyrja nemendur að lokum hvort þau vilji bæta einhverju við.

## Ítarefni

Kynfræðsla fyrir öll stig grunnskóla. <https://reykjavik.is/vika-6>

[Einkastaðir líkamans](#) Bók útg. Barnaheill  
[Kynheilbrigði](#) Heilsuvera

Kynferðisofbeldi:

- [Leiðbeiningar fyrir kennara og skólafólk.](#)
- [Upplýsingar til foreldra og forráðamanna.](#)
- [Information for parents and guardians.](#)
- [Informacje dla rodziców i opiekunów.](#)
- [Kynning á efninu í frétt lögreglunnar og 112 neyðarlínunnar](#)
- [Stopp ofbeldi](#) Menntamálastofnun

